



Fundargerð

Nefnd: **Skipulags- og mannvirkjanefnd**

Nr. fundar: 171

Dags: **01.03.2018**

Fundarmenn: Eypór H. Ólafsson formaður, Eyjólfur K. Kolbeins varaformaður, Ingibjörg Zoega, Njörður Sigurðsson. Daði Steinn Arnarsson var fjarverandi. Ennfremur sat fundinn Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi. Jón Friðrik Matthíasson, byggingarfulltrúi boðaði forföll.

Eypór H. Ólafsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Fundurinn hófst kl. 17:30 og var slitið kl. 18:30.

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 201801575958

Heiti máls Deiliskipulag Edenreits, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, úrskurður.

Lýsing Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, mál 13/2018, kæra á ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðis frá 14. desember 2017 um að samþykkja deiliskipulag fyrir Eden-reit. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var að vísa kærinni frá þar sem hún barst eftir að kærufresti lauk.

Afgreiðsla *Lagt fram til kynningar.*

Nr. 2

Málsnr. 201802825961

Heiti máls Kambaland, tillaga að breytingu á deiliskipulagi


Lýsing Á fundi bæjarstjórnar þann 8. febrúar sl. var eftirfarandi bókun gerð:

„Í ljósi gríðarlegrar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði í bæjarfélaginu samþykkir bæjarstjórn jafnframt að fela skipulags- og mannvirkjanefnd að hefja nú þegar endurskoðun á deiliskipulagi fyrsta áfanga Kambalands með þéttingu byggðar í huga. Nefndinni er einnig falið að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu til að úthluta megi lóðinni á horni Frumskóga og Varmahlíðar fyrir íbúðir. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn 5 að gróðurhús við Þórsmörk sem er í eigu bæjarfélagsins verði rífið eða flutt og nú þegar auglýstar lausar til úthlutunar þær lóðir sem þar eru á skipulagi.“

Lagt fram minnisblað byggingarfulltrúa, dags. 28. febrúar sl. um þéttingu byggðar í Kambalandi. Í minnisblaðinu er sett fram tillaga um fjölgun íbúða um samtals 55 íbúðir í götum 3, 4, 7 og 8, sem staðsettar eru á suðurhluta Kambalands, Lega gatna breytist ekki frá gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið en gert er ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi lóða og allt að 30 bílastæðum á þremur reitum utan lóðarmarka. Í götum 3

og 7 er gert ráð fyrir blandaðri byggð rað- og parhúsa í stað einbýlishúsa, í götu 4 er gert ráð fyrir blandaðri byggð rað- og 2ja hæða fjölbýlishúsa í stað raðhúsa og í götu 8 er gert ráð fyrir 2ja hæða fjölbýlishúsum í stað einbýlishúsa. Skv. tillögunni fer fjöldi íbúða á umræddu svæði úr 116 í 171 íbúð. Tillagan er í samræmi við ákvæði í Aðalskipulagi Hveragerðis en þar er gert ráð fyrir þéttingu byggðar í Kambalandi.

Afgreiðsla Nefndin leggur til við bæjarstjórn að höfundum deiliskipulagsins verði falið að gera tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kambalands í samræmi við tillögu í minnisblaði byggingarfulltrúa.


Njörtun Sigurðsson
Dngilgætt Zæga
Euphonia Mællin
[Signature]
[Signature]